Nr. 1210 18. desember 2017

# GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu í Dalvíkurbyggð.**

1. gr.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (urðunar- og sorphreinsigjald).

2. gr.

Sorphirðugjaldið er lagt á hverja íbúð í lögsagnarumdæmi Dalvíkurbyggðar og er það innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld. Auk þess er innheimt hálft gjald af frístundahúsum sem innheimt er með sama hætti.

Búrekstraraðilum er gefinn kostur á að greiða sérstaklega fyrir ílát undir búrekstrarúrgang, flutning hans og förgun samkvæmt gjaldskrá þessari. Þá er lagt á búfjáreigendur sérstakt gjald til að standa straum af kostnaði við förgun dýraleifa og tekur gjaldið mið af því að það standi undir kostnaði við förgunina.

3. gr.

Sorphirðugjaldið og úrvinnslugjald á endurvinnslustöð á Dalvík er sem hér greinir:

a) Íbúðir, sorphirðugjald, kr. 42.443.
b) Frístundahús, kr. 21.222.
c) Gjöld vegna úrgangs sem tekið er á móti í endurvinnslustöð eru eftirfarandi:
   Fyrir áætlað lágmarksmagn allt að 100 kg eða 1,5 m³ skal greiða móttöku- og flutningsgjald kr. 3.864 og urðunargjald kr. 4.664 eða samtals kr. 8.528.
   Fyrir hvert kíló umfram 100 kg greiðist samtals móttöku- og flutningsgjald kr. 39,3 og kr. 46,75 urðunargjald og fyrir hvern 1,5 m³ umfram 1,5 m³ bætist móttöku- og flutningsgjald kr. 3.864 og urðunargjald kr. 4.664.
d) Ekki er tekið gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, s.s.: pappaumbúðir, plastumbúðir, hjólbarðar, heyrúlluplast, ýmis spilliefni og úrelt ökutæki.
e) Íbúar Dalvíkurbyggðar þurfa ekki að greiða móttökugjald fyrir úrgang sem tengdur er venjulegum heimilisrekstri á endurvinnslustöð á Dalvík.

4. gr.

Úrvinnslugjald vegna úrgangs frá búrekstri og dýraleifa er eftirfarandi:

a. 240 lítra tunna fyrir almennan úrgang losuð tvisvar í mánuði, 33.960 kr./ár.
b. 360 lítra tunna fyrir almennan úrgang losuð tvisvar í mánuði, 45.280 kr./ár.
c. 240 lítra endurvinnslutunna losuð einu sinni í mánuði, 16.817 kr./ár.
d. Gjald fyrir eyðingu dýraleifa er lagt á heildarfjölda hverrar búfjártegundar samkvæmt búfjáreftirlitsskýrslu og er eftirfarandi:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Nautgripir | 1.036 kr./grip | Sauðfé og geitfé | 191 kr./grip |
| Hross | 407 kr./grip | Grísir | 674 kr./grip |

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar, er staðfest samkvæmt heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og

mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur gjaldskrá um sorphirðu í Dalvíkurbyggð nr. 1170/2016 úr gildi.

Samþykkt á fundi umhverfisráðs 7. nóvember 2017.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 14. desember 2017.

*Dalvíkurbyggð, 18. desember 2017.*

**Bjarni Th. Bjarnason** sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 2. janúar 2018